



Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5
101, Reykjavík

Dagsetning 10. október 2024
Málsnúmer DMR24020159

Vísað er til erindis embættis umboðsmanns Alþingis til dómsmálaráðherra frá 9. febrúar 2024, í máli F116/2022. Í erindinu er þess meðal annars óskað að umboðsmaður verði upplýstur um það hvort þær ábendingar sem þar koma fram hafi orðið tilefni til viðbragða af hálfu ráðuneytisins.

Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi umboðsmanns um túlkun og gildissvið 11. gr. laga nr. 75/2019, um vinnslu persónuupplýsinga er varðar miðlun persónuupplýsinga til annarra stjórnvalda og einkaaðila og 3. gr. reglugerðar nr. 577/2020 um sama efni. Í því sambandi vill ráðuneytið benda á að árið 2021 voru breytingar gerðar á lögreglulögum nr. 90/1996, með gildistöku laga nr. 50/2021, sem höfðu það meðal annars að markmiði að skýra heimildir lögreglu til að hafa gagnkvæmt samstarf við önnur stjórnvöld og einkaaðila. Í því skyni var 11. gr. laganna breytt og kveður nú 2. mgr. 11. gr. á um að lögregla skuli eftir því sem þörf er á, hafa gagnkvæmt samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir, félagasamtök og einkaaðila við lögreglurannsóknir, framkvæmd löggæslu og önnur verkefni. Er lögreglu og samstarfsaðilum heimilt að skiptast á upplýsingum, þar á meðal persónuupplýsingum, að því marki sem nauðsynlegt er, til að lögregla eða samstarfsaðili geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Ákvæði þetta hefur því að geyma heimild fyrir lögreglu til að miðla persónuupplýsingum til annarra stjórnvalda og einkaaðila í þeim tilvikum sem slíkt er nauðsynlegt til að viðkomandi aðili geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Um ákvæðið segir nánar í greinargerð með frumvarpi til laganna:

Til að skýra þær lagalegu heimildir sem lögregla hefur til að miðla upplýsingum á grundvelli lögbundins hlutverks síns var lögreglulögum m.a. breytt með lögum nr. 75/2019 og er nú sérstaklega kveðið á um það í 41. gr. laganna að lögreglu sé heimilt að miðla persónuupplýsingum að því marki sem telst nauðsynlegt vegna starfsemi og hlutverks hennar samkvæmt lögnum. Því til viðbótar var með lögum nr. 75/2019 sett ný og heildstæð löggjöf um persónuvernd á sviði refsivörslu, nánar tiltekið lög um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Auk þess að kveða almennt á um hvernig lögbær yfirvöld á þessu sviði skuli haga vinnslu persónuupplýsinga fela lögin einnig í sér almennar miðlunarheimildir til handa sömu yfirvöldum er hafa það að markmiði að stuðla að upplýsingaskiptum þegar slíkt er nauðsynlegt í löggæslutilgangi. Í lögnum er einnig mælt fyrir um heimildir lögbærra yfirvalda til að miðla upplýsingum til annarra stjórnvalda og einkaaðila, en þar sem um er að ræða almenna heimild er tekur til allra yfirvalda á sviði refsivörslu ber að skýra þá heimild þröngt og hefur því verið sett reglugerð á grundvelli laganna þar sem slíkar miðlunarheimildir eru atviksbundið útfærðar.

Með ákvæði þessu er ætlunin að lögfesta enn skýrar heimild lögreglu til að skiptast á upplýsingum, þar á meðal persónuupplýsingum, við þau stjórnvöld, stofnanir, félagasamtök og einkaaðila sem hún er í samstarfi við á grundvelli lögbundins hlutverks síns. Er ákvæðið því til fyllingar hinu almennara ákvæði 41. gr. laganna. Upplýsingaskiptin verða þó ávallt að vera nauðsynleg til að lögregla eða viðkomandi samstarfsaðili geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og um miðlun upplýsinga samkvæmt ákvæðinu fer eftir lögum

um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi eða, eftir atvikum, lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Með umræddum lagabreytingum hefur því skapast skýr rammi um heimildir lögreglu til að miðla persónuupplýsingum til annarra stjórnvalda og einkaaðila. Ákvæði 11. gr. lögreglulaga hefur að geyma sértæka heimild lögreglu til að miðla upplýsingum til annarra stjórnvalda og einkaaðila í þeim tilvikum er miðlun varðar lögbundið hlutverk viðkomandi aðila. Því til viðbótar er almennt ákvæði 41. gr. lögreglulaga auk ákvæða III. kafla laga nr. 75/2019 er varða miðlun lögbærra yfirvalda á persónuupplýsinga. Ákvæði hinna síðarnefndu laga taka til fleiri stjórnvalda en lögreglu og eru því einkum ákvæðum lögreglulaga til fyllingar að því er varðar heimildir lögreglu til að miðla persónuupplýsingum. Eins og fyrr greinir, tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi umboðsmanns og byggja á lögskýringargögnum að baki 2. mgr. 11. gr laganna um að ákvæðið skuli túlka þröngt og hefur vegna þessa verið leitast við að telja með tæmandi hætti í reglugerð þau tilvik sem lögreglu er heimilt að miðla persónuupplýsingum til utanaðkomandi aðila vegna lögvarðra hagsmuna viðkomandi. Ógerlegt er þó að sjá fyrir öll slík tilvik og er því talið nauðsynlegt að unnt sé að miðla upplýsingum á grundvelli 11. gr. einnar og sér í undantekningartilvikum.

Með vísan til alls þessa var ekki talið að þær ábendingar sem fram koma í bréfi umboðsmanns gæfu tilefni til tiltekinna viðbragða af hálfu ráðuneytisins.

Verulega hefur dregist að svara erindi umboðsmanns og er beðist velvirðingar á því.

Fyrir hönd ráðherra



Bryndís Helgadóttir



Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson